

# MARKÞJÁLFANÁM Í FJARNÁMI

## Vikulegt vinnuframlag, ástundun og viðvera nemenda

### Kennt er alla miðvikudaga í átta vikur frá 22. apríl frá 17:00-21:00

Nemendur hittast í rauntíma á fjarfundi í ZOOM þar sem kennari fer yfir efni dagsins ásamt því að vinna ýmis verkefni. Nemendur markþjálfa hvorn annan og fylgjast einnig með kennara markþjálfa nemanda.

**1 4 KLST. KENNSLA**

**2 Q&A - 75 MÍN.**

### Nemendur geta sent inn spurningar sem svarað er á mánudögum frá 19:30-20:45

Nemendur senda spurningar til kennara í gegnum kennslukerfi okkar sem kennari safnar saman og svarar á fjarfundi með nemendum. Þessir fjarfundir eru allir teknir upp og eru aðgengilegir í kerfinu í framhaldinu.

### Í hverri viku vinna nemendur ýmis verkefni sem tengjast efnistökum vikunnar.

Í markþjálfanámi er mikil áhersla lögð á að slípa til aðal verkæri markþjálfans - hann sjálfan. Þess vegna er talsvert um sjálfsvinnu þar sem nemandinn smakkar þau meðöl sem hann mun bjóða öðrum uppá að námi loknu.

**3 2 KLST. HEIMAVINNA**

**4 2 KLST. MARKÞJÁLFUN**

### Nemendur æfa sig í að markþjálfa a.m.k. 2 klst. í viku frá og með viku 3.

Áður en námið hefst er mælst til að nemendur hafi fundið 3-4 aðila sem vilja verða þeirra „tilraunadýr“ og þiggja 2-3 markþjálfanir frá nemendanum á meðan náminu stendur.

PROFECTUS
gerum gott betur!